

**Nd.**

**295. Nefndarátt**

um frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið fullkomlega sammála um afgreiðslu þessa frumvarps, og vill meiri hluti ekki láta afgreiða frumvarpið nema á því sjeu gerðar allverulegar breytingar.

Í 2. gr. frumvarpsins er tekið upp fasteignagjald, er sje 0,8% af húsum, 2% af byggingarlóðum, bygðum og óbygðum, og 1/2% af öðrum lóðum.

Um fasteignagjald af húsum er það að segja, að það kemur að mestu sem borginn fyrir verk, sem bæjarfjlagið lætur vinna fyrir húseigendur, en þá er líka rjett að taka það fram í lögnum sjálfum, svo að ekki þurfi að rætast sá kvíði snmra, að hætt verði að vinna þessi verk, en skatturinn látinn haldast.

Um lóðargjaldið er alt öðru máli að gegna. Þar er um allháan nýjan skatt að ræða og alltilfinnanlegan, þegar honum er komið á eftir að lóðir hafa náð jafnháu verði og hjer er í Reykjavík. Það er að vísu nokkuð satt í því, að lóðirnar hafa náð þessn háa verði meðfram fyrir aðgerðir bæjarfjlagsins, en hitt er jafnvist, að fæstir þeir, sem þessar dýru lóðir eiga, hafa notið þessarar hækkunar. Langflestir þeirra hafa keypt þær þessn háa verði, og ágóði verðhækkunarinnar er því þegar kominn í vasa einstakra manna. Nú kemur lóðargjaldið án allrar sanngirni á þá menn, sem af tilviljun eiga lóðirnar á þessum tíma, og það þýðir ekkert annað en verðlækkun á þessum lóðum, og þar af leiðandi tekjurýrnun á þessum gjaldstofni.

Á hinn bóginn verður því ekki neitað, að óbygð svæði á dýrum stöðum í bænum eru ekki æskileg og valda bænum nokkrum erfiðleikum og kostnaði, og er því ekki fjarri sanni, að nokkurt gjald sje af þeim greitt, enda þótt viðurkenna verði, að það komi hart niður í fyrstu. En meiri hluti nefndariunnar vill ekki fallast á, að það verði sett hærra en 0,8%, eða jafnhátt og gjaldið af húsum. Gjaldið af öðrum lóðum er svo lækkað í sama hlutfalli.

Um breytingu á 7. gr. 4. málsgrein, að þar komi 3 mánuðir í stað 4 vikur, mun nefndin öll vera sammála, og er þá í samræmi við það, sem gildir í sveitunum, en auk þess vill meiri hlutinn gera að skyldu, að niðurrjöfnunarnefnd tilkynni þeim útgerðarmönnum og öðrum atvinnurekendum, sem eiga að standa skil á útsvörum utanbæjarmanna, hver þau eru, og eru ástæður fyrir því augljósar, enda fyrirhöfn ekki mikil að gera þetta á móts við sanngirninna í því.

Algert nýmæli hjá meiri hluta nefndarinnar er ákvæði það, sem hann leggur til, að sett sje í lögin um rjett manna til þess að áfrýja úrskurði bæjarstjórnar í útsvarsmálum til yfirskattanefndar. Þennan áfrýjunarrjett verður meiri hl. að telja alveg sjálfsagðan vegna þeirra, sem nú verður hægt að leggja útsvar á án þess að þeir sjeu búsettir í bænum. En auk þess verður og að telja þetta eðlilegan rjett þeirra, sem í bænum eru búsettir. Bæjarstjórn er í raun rjettri aðili í slikum málum, og því óheppilegt, að hún sje líka æðsti dómstóll í þeim. Á hinn bóginn er það ekki nema rjett, að hún eigi úrskurðarrjett í þeim, og hitt sje að eins undantekning. Til þess að leggja nokkrar hömlur á óþarfa áfrýjanir eru svo ákvæðin um hlutdeild áfrýjanda í kostnaði við áfrýjunina, eða fulla greiðslu, ef rjetting fæst ekki á málinu. — Þegar finna á æðri dómstól í þessum málum, virðist yfirskattanefnd bæjarins eðlilegust og bærnst að fjalla um þau. Hún hlýtur samkvæmt hlutverki sínu að kynnast fjárhag manna vel, og auk þess er það ekki nema eðlilegt, að nokkurt samræmi sje milli útsvars og tekjuskatts manna, eins og þá mætti vænta, einkum eins og niðurrjöfnun útsvara í bænum er nú hagað. En að sjálfsögðu yrði það föst regla yfirskattanefndar, að hún gæfi bæjarstjórn kost á að hafa sinn málsvara þegar úrskurðuð væru aukaútsvör.

Um þetta nýmæli var ekki tekin bein ákvörðun áður en nefndin klofnaði, og er meiri hl. því ekki kunn afstaða háttv. minni hl. í þessu efni.

Sama er að segja um brtt. meiri hl. við 10. gr. frv. Meiri hl. þykir ekki heppilegt að hafa gjalddaga aukauðtsvara aðeins einn á ári. Það gæti verið mörg- um býsna erfitt, einkum þegar tekið er upp ákvæði um allströng viðurlög gegn miklum drætti á greiðslu.

Þess skal getið, að úrslit þessa máls í nefndinni fóru fram í sömn svif- um, er mannskifti nrðu þar, núverandi fjármálaráðherra J. P. gekk úr nefndinni, en 2. þm. Eyf., B. St., tók þar sæti. En eftir það var til lykta ráðið snmnm atriðnm í áliti meiri hlutans, og er því meðundirritaður J. P. óbundinn þeim atriðum.

Samkvæmt framansögðn leggur meiri hlnti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### BREYTINGUM.

#### 1. Við 2. gr.

a. Í stað staflidanna a og b kemur nýr staflidur, sem verður a, svo hljóð- andi: Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau ern notuð, svo og af öllum lóðum, bygðum og óbygðum, sem bæjarstjórnin hefir ekki með sjerstöknm samningi eða samþykkt ætlað til annara afnota en til byggingarlóða, skal greiða 0,8 % — 80 anra af hverjnm 100 krón- nm — af virðingarverði, enda annast bærinn, húseigendum að kostnaðar- lausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun, ráðstafanir til útrýmingar rottm og tryggingar gegn eldsvoða.

b. Í niðnrlagi staflids c, sem verður stafl. b, kemnr í stað orðanna: »alt að  $\frac{1}{2}$  % ... af virðingarverði« : 0,2 % — 20 aurar af hverjum 100 krónum — af virðingarverði.

#### 2. Við 7. gr.

a. Í stað »4 vikur« í 4. málsgrein kemur: 3 mánuðir.

b. Aftan við 5. málsgrein bætist: Niðurjöfnunarnefnd tilkynnir þeim, sem standa eiga skil á útsvari utanbæjarmanna, jafnskjótt er hún hefir lokið niðurjöfnm, útsvör þan, sem þeim ber að standa skil á.

#### 3. Við 9. gr.

a. Aftan við síðnstu málsgrein 9. gr. bætist: sbr. þó 10. gr.

b. Aftan við greinina kemnr ný grein, sem verður 10. gr., og hljóðar svo:  
Úrsknrði bæjarstjórnar má skjóta til yfirskattanefndar bæjarins. Skal það gert brjeflega innan 15 daga frá úrskurði bæjarstjórnar. Yfirskatta- nefnd úrskurðar kærnatridin innan 15 daga og birtir þeim, sem hlnt eiga að máli, úrslitin. Er því máli þar með lokið.

Ekkert gjald má yfirskattanefnd hækka eða lækka nema svo reyn- ist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10 % of lágt eða hátt.

Nefndin tekur borgun fyrir störf sín, og reiknast hún samkv. lög- um nr. 74, 27. júní 1921, og tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921, þó þannig, að það greiðist úr bæjarsjóði, sem þar greiðist úr ríkissjóði, enda úrsknrðar bæjarstjórn reikningana. Nú fær áfrýjandi lökkun á útsvari sínu, og ber honnm þá að endurgreiða bæjarsjóði allan kostnað af áfrýjuninni, og úr-

skurðar yfirskattanefnd þann kostnað. Fái áfrýjandi lækkun á útsvari sínu, greiðir hann helming kostnaðar með sama hætti. Þessum kröfum bæjarsjóðs á áfrýjendur fylgir lögtaksrjettur.

Greinatalan breytilist samkv. þessu.

4. Við 10. gr., sem verður 11. gr. Greinin orðast svo:

Útsvör öll skal greiða í skrifstofu bæjargjaldkera, og eru gjalddagar útsvars samkvæmt aðalniðurjöfnun 1. dag maímánaðar og 1. dag októbermánaðar, en gjalddagar annara útsvara þann dag, sem niðurjöfnunarskrá er lögð fram, og sá annar, ekki skemra frá en 5 mánuðum, sem á niðurjöfnunarskrá er ákveðinn. Helming útsvars skal greiða á hverjum gjalddaga. Enginn getur, með því að skjóta útsvari sínu til bæjarstjórnar eða yfirskattanefndar, komist hjá því að greiða þann hluta útsvarsins, sem fallinn er í gjalddaga, en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgildið er, endurgreitt úr bæjarsjóði.

Alþingi, 2. apríl 1924.

Jón Porláksson,  
form.

Magnús Jónsson,  
framsm. meiri hl.

Jón Kjartansson.